

MÁNAÐARKAUPID Á TÓLF OG HÁLFUM DEGI?

Líklega er skynsamlegast að byrja háaloftið í dag á því að þakka þeim, sem hafa hringt í mig undanfarið til þess að skeggræða við mig um þessa pistla, ég hef jafnan haft hinn mesta fróðskap af þeim samræðum. Þó er mér jafnvel enn ofar í huga dýpsta þakklæti til allra þeirra, sem ekki hafa hringt í mig; ég efast ekki um löngun þeirra til þess og dáist því meir að sjálfstillingu þeirra og tillitssemi.

Annars er það sannast sagna, að þessa stundina er ég á mörgum áttum með hvað ég ætla að ræða í þessum pistli (að lokinni ofangreindri þakkar-gjörð). Ég hef verið í löngu og góðu páskafríi frá fréttum og dægurþrasi; þess háttar fritaka verkar eins og andlegt þrífabað, á eftir hefur maður fjarska litla þörf til að hvöfva úr

skálum anda síns yfir landslýð. Þetta er kannski ekki alveg rétt orðað, heldur hitt, að skálarnar eru nokkuð margar og engin stór.

Stærsta skálin er líklega sú, sem hefur inni að halda þá merkilegu játningu fjármálaráðuneytisins til handa félagsmönnum ríkis og bæja, sem út var látin ganga skömmu fyrir páska. Um það leyti gerði hið háa ráðuneytið kunnugt, að þeir sem hefðu strækað úr þeim röðum hinn fyrsta mars, skyldu hýrudegnir um 8 prósent, þeir sem strækuðu bæði fyrsta og annan mars, skyldu hýrudegnir um 16 prósent, og þetta var — að mér skildist — miðað við mánaðarkaup.

Ekki veit ég, hvort þetta var einhvers konar sæt mynd, sem fjármálaráðuneytið var að draga upp, eða

hvort það var bara veldi tilfinninganna, sem því svall í brjósti. En hitt virðist mér einsætt, ef þessi tilkynning hefur ekki verið forskot á aprílþagb, að þarna hafi starfsmenn ríkis og bæja komist næst því að vera réttilega metnir til fjár, sem þeir hafa komist um dagana.

Því ef ekki hefur komið afturkippur í þessa tilkynningu, sem þá hefur farið fram hjá mér, jafngildir þetta yfirlýsingu af hálfu hins háa ráðuneytis, þess efnis, að opinberir starfsmenn — þeir, sem yfirlýsingin náði til — vinni fyrir mánaðarkaupinu sínu á 12,5 — tólf og hálfum — degi. Það er að segja, ef þeir vinna fyrir átta prósentum af mánaðarkaupinu á einum vinnudegi, eru þeir ekki nema tólf og hálfan dag að vinna fyrir því hundrað prósent. Ef

SIGURÐUR
HREIÐAR
HREIÐARSSON

Háaloftið

vinnudagar í mánuði eru 21, sem nærri lætur miðað við fimm daga vinnuviku, er þar með uppvíst, að um 40% af vinnu opinberra starfsmanna

eru hrein gjöf til ríkisins og þar með þjóðarinnar. Þetta var raunar það sem margan opinberan starfsmanninn grunaði, þótt mér vitanlega hafi fjármálaráðuneytið ekki viljað fallast á það fyrr en nú.

Ég minnst þess ekki — og vona að það stafi ekki bara af því að ég hef snúið baki við dægurmálum um hrið, eins og fyrr greinir — að hafa séð miklar umræður um þessa uppljóstrun. Líklega eru bara opinberir starfsmenn föfnusasta stétt landsins, úr því hún leggur tvo fimmtu hluta vinnu sinnar fram sem sjálfbodastarf og gjöf, auk þess sem hún borgar að sjálfsögðu skatta og skyldur mögðunarlaust eins og alltaf.

Mér er til dæmis sem ég sæi Loftleiðaflugmenn svona göfuglynda!

Textílfélagið í sókn

Íslenska textílfélagið sem er ungt að árum, stofnað 1974, er bráðgert barn sem ölast hefur skjótan vöxt og þroska, svo sem sjá má af sýningu félagsmanna sem opnuð var í sölu Norræna hússins þ. 1. apríl sl. Mörgum er eflaust í fersku minni norræna vefjarlistarsýningin sem stóð að Kjarvalsstöðum í ársbyrjun 1977, en þar sönnuðu íslensku þátttakendurnir eftirminnilega að þeir standast fyllilega samanburð við starfsfélaga sína á hinum Norðurlöndum.

Hef ég orð pólska vefarans Magdalenu Abakanowicz, eins frægasta vefjaíslamanns í dag, fyrir því að framlag Íslands vakti sérstaka athygli hennar á þeirri sýningu. Ég held að almenningur geri sér nú ljóst að þessar konur, því ennþá eru það svo að segja eingöngu konur, sem sinna vefjalist, þó við getum stáð af einum íslenskum karlvefara, Óskari Magnússyni, taka listgrein sína alvarlega og er sannarlega kominn tími til að hætta að líta á verk þeirra sem hvert annað handavinnuútl.

Margar vinna fullan vinnudag á eigin verkstæðum, en vandi þeirra liggur kannski helst í því hve erfitt er að koma verkunum á framfæri. Þess vegna hlýtur stofnun Textílfélagsins og sýningar þess að vera félagsmönnum í senn andlegur og fjárhagslegur stuðningur. Ekki eru margir áratugir síðan listsköpun íslenskra kvenna takmarkaðist við hvítsaum, baldýringar og aðrar hannyrðir (að undanteknum þeim örfáu sem fengust við skáldskap og ritstörf) en óhætt er að fullyrða að það var ekki vegna þess að íslenskar konur skorti sköpunargáfu og hugvitið til þess að sinna öðrum listgreinum, heldur einfaldlega vegna þess að tækifærin gáfust ekki. Þeir sem ganga um Þjóðminjasafnið og skoða þar gömul klæði og önnur dýrindi gerð af

íslenskum konum, sjá að þar fer saman frumleiki, þjálfað form og litaskyn og aðáunarvert handbragð. Öldum saman hefur íslensk vefjalist verið nytjalist fyrst og fremst, nú fyrst hefur hún verið leyst undan þeirri kvöð og er því mikils að vænta í framtíðinni.

Sýning Textílfélagsins í Norræna húsinu er ákaflega aðlaðandi sýning og vel fyrir komið þannig að verkin þrengja ekki hvert að öðru en það

hefur mikið að segja að yfirfylla ekki sýningarsali eins og því miður oft á sér stað.

Það er erfitt að telja upp og gera skil öllu sem þar er að sjá, en sérstaklega vakti athygli mína vefþrykk Ásrúnar Kristjánsdóttur nr. 10 og 11, stór og kröftug myndur með ljóðrænu ívafi, andlitsmynd Hildar Hákonardóttur af skáldkonunni Huldu, svart-hvít ljósmynd sem flutt hefur yfir í vef með

fullu tilliti til sérgildis vefsins, er hrein og yfirlætislaus persónulýsing. Gamli kirkjugarðurinn sem unninn er af Rögnu Röbertsdóttur er ákaflega einlægt og skemmtilegt verk og Ásgerður Búadóttir hefur enn einu sinni sýnt að hún er einn af okkar ágætustu listamönnum. Ekki hefur nein opinber innkaupanefnd höndlað á sýningunni þegar þessar línur eru skrifaðar (6. apríl), sem er miður því þarna eru verk

Myndlist



Hrafnhildur Schram

sem eiga sér fyllilega tilverur í íslenskrí listasögu. Efniviðurinn sjálfur er ekki það sem skiptir máli, heldur hvernig unnið er úr honum en óneitanlega hefur vefjalistin það forskot fram yfir aðrar listgreinar að þarna er um að ræða efni sem allir þekkja og hafa komist í nána snertingu við. Eitt hvað virðist þó eima eftir af þeirri gömlu skoðun að vefjalistin sé sérsvið kvenna og að það sé ókarlmannlegt atferli að slá vef og er það viðtekið víðar en á Íslandi. Jafnvel í austantjaldslöndum, þar sem verkskipting kynjanna virðist vera á hröðu undanhaldi, eru fáir karlvefarar.

Er hér ekki einstakt tækifæri fyrir fyrirtæki og opinberar stofnanir að klæða þó ekki væri nema lítinn hluta steinsteypuveggja sem þessar byggingar geyma því ekki er hægt að hugsa sér heppilegri verk sem bæði mýkja upp og setja mannlegri blæ á nýbyggingar.

Ég vil eindregið hvetja alla til að sjá þessa frisklegu og skemmtilegu sýningu Textílfélagsins sem lýkur 10. apríl.

Hrafnhildur Schram.



Verzlun


A S A litsjónvarpstæki fyrirleggjandi, 22" og 26", hnata og rósaviður. Mikil myndgæði + R C A myndlampi. Mjög hagstætt verð + greiðsluskilmálar. Yfir 30 ára reynsla í sölu rafscindatækja.

Georg Amundason & Co
Suðurlandsbraut 10 R.
Sími 81180.

Húsbyggjendur, byggingaverktakar:
Eigum á lager milliveggjaplötur úr gjalli. Stærð 50×50 cm. Athugið verð og greiðsluskilmála.

Loftorka sf., Dalshrauni 8 Hafnarfirði, sími 50877.

Verzlun



DRÁTTARBEIZLI — KERRUR
Vorur að taka upp 10" tomnu hjólastell fyrir Combi Camp og fleiri tjaldvagna.

Höfum á lager allar stærðir af hjólastellum og alla hluti í kerrur, sömuleiðis allar gerðir af kerrum og vögnum.

ÞÓRARINN KRISTINSSON
Klapparstíg 8. Sími 28616 (Heima 72087)




Tilvalinn stóll til fermingargjafa.

Framleiðandi:
Stáliðjan Kópavogi

KRÓM HÚSGÖGN
Smíðuvegi 5. Kópavogi. Sími 43211

Verzlun



Ferguson litsjónvarpstækin. Amerískir innlínumyndlampar. Amerískir transistorar og díóður.

ORRI HJALTASON
Hagamel 8, sími 16139.

G.G. Innrömmun

Grensásvegi 50, sími 35163, opið frá kl. 11—6. Áður Njálsgötu 106.

Tökum allt til innrömmunar og aðstoðum við ramma-val. Strekkjum á blindramma. Gott úrval af útlendum og innlendum rammalistum. Höfum einnig matt gler og glært gler. Póstsendum um land allt.